

Fjölbrautarskóli Snæfellinga

Fundargerð – 2.fundur
14.desember 2003

Mættir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen og Hrönn Pétursdóttir,

1. Fundur settur,

Kjartan Páll setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna,

2. Undirbúningur viðtala við umsækjendur um stöðu skólameistara

Fundarmenn ræddu um tilhögun viðtala við 3 umsækjendur, þau Guðbjörgu Aðalbergisdóttur, Guðrúnu Öldu Harðardóttur og Sigrúnu Kr. Magnúsdóttur.

Í upphafi fundar höfðu borist skilaboð frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur um að hún dregur umsókn sína til baka.

3. Viðtöl við umsækjendur:

Skólanefndin ræddi við þær Guðbjörgu Aðalbergisdóttur og Sigrúnu Kr. Magnúsdóttur um umsóknir þeirra um stöðu skólameistara og hugmyndir þeirra um uppbyggingu skólastarfsins.

4. Tillaga um skipan skólameistara

Að loknum viðtölum við umsækjendur fór fram umræða um tillögu sem skólanefnd skal gera til menntamálaráðherra að skipan í stöðu skólameistara. Skólanefnd samþykkt einróma að gera tillögu til menntamálaráðherra um skipan Guðbjargar Aðalbergisdóttur í stöðu skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir hefur að baki BA próf í íslensku og kennsluréttindanám frá Háskóla Íslands, auk þess hefur hún lokið stjórnunarnámi fyrir stjórnendur í framhaldsskólum (2000-2001) á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Það nám kemur að góðum notum í embætti skólameistara.

Guðbjörg áætlað ljúka mastersnámi í stjórnun með áherslu á opinberar stofnanir (MPA) við Warwick háskóla í Bretlandi í september 2004. Ýmsir þættir í því námi munu koma Guðbjörgu að góðum notum í embætti skólameistara. Þeir eru:

- Stefnumótun fyrirtækja og stofnana
- Mannauðsstjórnun
- Breytingastjórnun
- Uppbygging og stjórnun stofnana

- Fjármálastjórnun

Guðbjörg Aðalbergsdóttir á að baki starfsreynslu á framhaldsskólasviði sem hér segir:

- Íslenskukennari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1994-1998
- Sviðsstjóri málasviðs við Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1996-1998
- Áfangastjóri við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá árinu 1998
- Formenska í þróunarhópi um skólahaldsforritið Innu.

Það er álit skólanefndar að starfsreynsla og menntun Guðbjargar nýtist henni vel í uppbyggingu nýs skóla. Þar kemur til þátttaka hennar í uppbyggingu skólastarfs, þróunarstörfum ásamt og innleiðingu nýjunga í skólastarfi.

Guðbjörgu fylgja góð meðmæli sem tilgreina m.a. eftirfarandi:

- * “að hún hafi sýnt mikla fagmennsku í starfi og reynst öflugur stjórnandi “
“ framsækinn talsmaður upplýsingatækni í kennslu “
(Ólafur Jón Arnbjörnsson)

Formanni var falið að senda tillöguna til menntamálaráðherra

Fundi slitið